

Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, miðvikudaginn 19.01.2022, kl. 17:15

Mætt: Brynja Baldursdóttir (BB), Erling Ásgeirsson (EÁ), Gunnar Berg Viktorsson (GBV), Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Ingvar H. Ragnarsson (IHR) og Sigurgeir Guðlaugsson (SG).

Forfallaðir: Þórdís B. Sigurbjörnsdóttir (ÞBS).

Einnig sat fundinn Baldvin Sturluson (BS) fjármálastjóri og Ása Inga Þorsteinsdóttir (ÁIP) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

1. Samþykkt fundargerðar

Lögð var fram til samþykktar eftirfarandi fundargerð:

- Aðalstjórnarfundur haldinn 8. desember sl.

Niðurstaða: Var fundargerð aðalstjórnarfundar 8. desember samþykkt.

2. Kynning frá stjórn knattspyrnudeildar á stefnu mfl kvk

Gunnar G. Leifsson formaður mfl ráðs kvk og Sæmundur Friðjónsson formaður knd mættu fyrir hönd stjórnar deildarinnar og fóru yfir stefnu og áherslur í starfi mfl kvk í knattspyrnu. Fyrir tveimur árum var sett upp 5 ára áætlun sem unnið hefur verið markvisst eftir. Var kynningin virkilega vel sett fram og áhugaverð. Stjórnarmenn höfðu orð á að tekið væri eftir þeim jákvæðu breytingum sem hafi orðið á umgjörð og starfi flokksins síðastliðin misseri og hvernig þær endurspeglast og samræmast þeim markmiðum og áherslum sem farið var yfir í kynningunni.

Niðurstaða: til upplýsinga.

3. Samstarfssamningur við Margt Smátt

ÁIP fór yfir helstu atriði nýs samstarfssamnings við Margt Smátt sem mun veita Stjörnunni þjónustu á öllum Stjörnufatnaði, keppnisbúningum og öðrum varningi. Frekari kynning á nýjum samningi verður haldin fyrir formenn allra deilda þriðjudaginn 25. janúar næstkomandi.

4. Stefnumótun – hugmynd að skipulagi og framkvæmd

ÁIP óskaði eftir aðeins ýtarlegri upplýsingum um áherslur og óskir stjórnar varðandi skipulag og framkvæmd á þeirri stefnumótunarvinnu sem til umræðu hefur verið. Er það einróma álit stjórnar að vilja byrja nýtt ár af krafti í þessu verkefni með skipulagi á stórum vinnudegi þar sem stjórnir deilda og aðrir hagsmunaðilar koma að vinnunni sem stýrt verður af utanaðkomandi ráðgjöfum.

Niðurstaða: ÁIP falið að koma með hugmynd að skipulagi sem endurspeglar þær óskir.

5. Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Farið var yfir niðurstöður þeirra erinda sem voru send til Garðabæjar fyrir fjárhagsáætlanagerð bæjarins fyrir árið 2022. Misvísandi svör hafa borist varðandi niðurstöðu er varðar leiðréttingu á rekstrarstyrk.

Niðurstaða: ÁÍP er falið að fá frekari svör frá Garðabæ um niðurstöðu á erindi Stjórnunnar um leiðréttingu rekstrarstyrks félagsins fyrir árið 2022.

6. Ársreikningur 2021

BS fór yfir hversu langt starfsmenn væru komnir með að loka bókhaldi ársins 2021, en verið er að klára lokayfirferð á bókun æfingagjalda og einstaka bókhaldsfærslum. Agnar endurskoðandi mun funda með BS í næstu viku til að byrja að stilla upp fyrstu drögum af ársreikningi.

Niðurstaða: stefnt er á að fyrstu drög liggja fyrir á fundi aðalstjórnar 9. febrúar.

Annað var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:10 – ritað BS